

Ed.

193. Breytingartillaga

við tillögur til þingsályktunar um afnám eftirlauna.

Frá nefndinni.

Tillagan orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að skipa 5 manna millipinganevnd, til þess að íhuga rækilega óskir þjóðarinnar um afnám lögákveðinna eftirlauna.

Jafnframt skal nefndin rannsaka launakjör embættismanna og annara starfsmanna landssjóðs og sjerstaklega gera ráðstafanir til þeirrar skipunar á þeim, er nauðsynleg og sanngjörn virðist í sambandi við afnám eftirlauna.

Tillögur, sem lúta að þessu, leggur stjórnin síðan fyrir Alþingi.